

# NOTKUN & VIÐHALD MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR **HJÓLBARÐA**

**LESTU LEIÐBEININGARNAR VANDLEGA FYRIR NOTKUN**

Gerðir:STEM&ST  
SP(PG9)



# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## MERKI - ÞÝÐINGAR



NOTAÐU HLÍFÐARHANSKA



LESTU HANDBÓKINA



NOTAÐU RYKGRÍMU



NOTAÐU VIÐEIGANDI  
LÆSIBÚNAÐ FYRIR



EKKI STANDA




HENDUR GETA KRAMIST




HENDUR GETA FESTS




ÓHREININDI Á  
FLUGI/MIKILL HÁVAÐI




HJÓL



MISTUR FRÁ ÚÐA



HJÓLBARÐI



SKAFTSNÚNINGUR



JARÐSAMBAND



RAFSTUÐ



CE MERKI



HLUTLAUST




JARÐTENING

# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA


## SENDING & MÓTTAKA - AFPÖKKUN

### KAFLI EITT


Við öll hjá Saf-tee Siping and Grooving þökkum þér fyrir að hafa keypt mynsturraufavélina fyrir hjólbarda. Þær mikilvægu notkunar- & viðhaldsleiðbeiningar sem finna má hér munu tryggja að þú getir treyst á mynsturraufavélina árum saman. Handbókin inniheldur viðeigandi leiðbeiningar fyrir uppsetningu, notkun og viðhald á mynsturraufavélinni.



Þegar þú tekur á móti sendingunni með mynsturraufavélinni ættir þú að gefa þér tíma til þess að skoða hana. Þó að skemmdir við flutninga séu mjög fátíðar að þá er þetta rétti tímapunkturinn til þess að skoða ástand vélarinnar við komu.



Til þess fjarlægja umbúðir skaltu toga í pinnann og ýta stækkanlegu hjólnöfinni í burtu (aðeins LEGGNUM)



### UPPSETNING OG ÖRYGGI

Ef mynsturvélina er send á milli landa að þá kemur einingin í kassa. Skerðu á böndin. Fjarlægðu hliðarspjöld og topp kassans. Skrúfaðu eininguna af brettinu og taktu hana af. Aukahlutir og felgur eru festar með böndum við eininguna, skerðu á böndin og taktu af einingunni.

Þegar unnið er nálægt eða í kring um blaðið skal gæta þess að halda því fjarri þér. Skerðu á og taktu stroffurnar í burtu sem halda hlífinni niðri. Lyftu hlífinni.


# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## SENDING & MÓTTAKA - INNIHALD SENDINGAR



***Þegar unnið er nálægt eða í kring um blaðið skal gæta þess að halda því fjarri þér.***

**Þegar þú hefur lokið við að taka mynsturraufavélina úr umbúðunum skaltu gefa þér tíma til þess að fara yfir innihald sendingarinnar. Eftirfarandi hlutir koma með mynsturraufavélinni:**




# MYNSTURRAUFVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## UPPSETNING - HELSTU KRÖFUR KAFLI TVÖ

Þörf er á lofttengingu sem býr yfir 90 punda þrýstingi á fertommu og aðgang að rafmagnstengingu með að minnsta kosti 30 amp. málraun. Þörf er á karltengi fyrir lofttenginguna auk þess þú þarft að tryggja að þú hafir Teflon límband til þess að hjálpa til við að loftþétta tenginguna. Að lokum er þörf á kalki til þess að gera merki á hjólbörðunum sem þú ætlar að gera mynsturraufar á.

Notaðu eininguna á hreinu, jöfnu og stömu yfirborði. Fyrirhugað vinnusvæði ætti að vera að minnsta kosti 90 sm frá staðsetningu vélarinnar, þessi fjarlægð er sú lágmarksfjarlægð, sem mælt er með, að aðrir en notendur séu frá vélinni. Mál vélarinnar er 66" B x 50" H. Flutningsþyngd er 490 kg.


Við flutning á vélinni skal tryggja að hlífin sé niðri, hjólnöfin í geymslustöðu og að læsipinninn á hjólnöfinni sé á sínum stað.



### SMURNING

Til þess að fá aðgang að mynsturraufavélinni að innanverðri skal færa felgufestinguna úr notkunarstöðu og yfir til hliðar við mynsturraufavélina.

Til þess að kæla skurðblaðið og smyrja hjólbardann skal blanda 1 hluta af sílikonsmurefni (partanr. 2.029 við 16 hluta af vatni og fylla tank úðaeiningarinnar. Settu slönguna í og festu. Kveiktu á úðavélinni á sama tíma og blaðið er notað á hjólbardann.



### RAFMAGNSSNÚRA

Dragðu rafmagnssnúruna út aftan á skápnum til þess að koma í veg fyrir að hún skemmist af völdum stopparanna á hlífinni. Staðsettu snúruna fjarri gönguleiðum, nælonsnúra getur hjálpað til við að halda of langri snúru frá gönguleiðum svo að fólk hrasi ekki um hana.




**Ef þú þarft að nota framlengingarsnúru að þá þarf hún að vera slitþolin, notaðu slitþolið 30 amp. fjöltengi fyrir tenginguna.**

### LOFTTENGING

Settu rétta tengihluti á fyrir loftslönguna. (Sjá ör.) Notaðu teflonlímband til þess að koma í veg fyrir loftleka. Notaðu rétta stærð af skrúflyklum ef þeir eru til staðar til þess að halda vel um tengihlutana við herslu.

Rakagildran er með skoðunargler.

Stilltu loftstillinn á 90 pund á þvertommu



**Mundu eftir því að nota persónulegan hlífðarbúnað (Persónulegur hlífðarbúnaður) þegar mynsturraufavélin er notuð**

Setja ætti lekaskúffuna upp til þess að safna smurefni sem lekur. Farga ætti öllum smurefnisleifum, tuskum og efnum í samræmi við staðbundna umhverfislöggjöf. Öryggisupplýsingablað efna má finna í viðauka eða á vefsíðunni okkar fyrir smurefni fyrir mynsturraufavélina.




Persónulegur hlífðarbúnaður fyrir notkun og viðhald á vélinni er meðal annars hanskar og hlífar fyrir augu, eyru, öndunarfæri og fætur. A-vegið hljóðþrýstingsstig við vinnustöðina mældist 79,8 db(A).

# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## YFIRLITSMYND

### KAFLI ÞRJÚ

Til þess að átta þig betur á mynsturraufavélinni skulum við líta stuttlega á þá íhluti sem þú munt vinna með.






# HJÓLBARÐA

## YFIRLIT - ÍHLUTIR


### KAFLI ÞRJÚ



#### ALLEN SKRÚFLYKLAR


Allen skrúflyklar fylgja með fyrir allar fastar skrúfur á vélinni. Stærðirnar sem fylgja með eru: 1/4", 5/32", 1/8" og 3/32".

3.1



Festiskrúfur eru á mótornum og drifskaftstengjunum, róin á ACME stöngunum með gengju, og plastrænar á ACME stöngunum með gengju. Vélin titrar aðeins við notkun (sjá viðhaldsferla fyrir titring í kafla 6 í handbókinni)

3.2



#### AL Á AFLSKRÚFUM

Skipt er um aflskrúfur til þess að ákvarða dýptina til að mynstra hjólbardann. Mældu hjólbardasólann og notaðu aflskrúfu sem er að lágmarki 1 eða 2/32 minni en lágstaðurinn á hjólbardanum, 5/32 og 7/32 fyrir notaða hjólbarda, 9/32 fyrir flesta nýja hjólbarda á fólksbílum, 11/32 fyrir flesta nýja hjólbarda á léttum vörubifreiðum og 13/32 fyrir stórar vörubifreiðar (20" til 24,5")

3.3

#### VERKFÆRAKISTA


##### Inngangur

Verkfærakistan sem kemur með mynsturraufavélinni inniheldur fjölbreytt verkfæri sem þú átt eftir að nota við dagleg störf og viðhald á nýju mynsturraufavélinni.

#### BLAÐSTÝRING

Tvær blaðstýringar fylgja með mynsturraufavélinni: 250/1000


hjólbarda á fólksbílum og léttum vörubifreiðum og 400/1000 fyrir stórar vörubifreiðar (20" til 245"). Stýringar fyrir 300/1000 og 350/1000 eru í boði sem valkostur.



3.4

#### MYNSTRUNARBLAÐ(BLÖÐ)


Tylft aukablaða koma með mynsturraufavélinni.



3.5

#### ÞJÖL

Þjöl fylgir með til þess að halda blöðunum beittum.




3.6

# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## YFIRLIT - ÍHLUTIR

### KAFLI ÞRjú




#### HÆÐARSTILLISKRÚFUR

Hæðarstilliskrúfur fylgja einnig með til að festa á framfætur mynsturraufavélarinnar svo að hægt sé að stilla hana ef mynsturraufavélin vaggar.

#### SKRÚFLYKILL

Skrúflykilinn er notaður til þess að losa aflskrúfurnar þegar skipt er um blaðstýringu eða aflskrúfurnar sjálfar. Til þess að sjá hvernig það er gert skaltu fara á bls. 11.



**ATHUGASEMD:** Hertu aflskrúfuna aðeins í höndunum. Aldrei skal nota skrúflykil til þess að herða aflskrúfuna.

# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## NOTKUN - ÁSETNING & NIÐURTAKA

### KAFLI FJÖGUR

Það fer eftir gerð mynsturraufavélarinnar, sem þú átt, hvaða hjólbardaerðir er hægt að mynstra.

#### SP

SP mynsturraufavélin er aðeins hönnuð fyrir ásetta hjólbarda og takmarkast stærðirnar við fólkubíla/létta vörubifreiðar.

#### ST

ST vélin er einnig hönnuð fyrir ásetta hjólbarda en hægt er að nota stærri hjólbarda í samanburði við SP.

#### STE-M


STE-M vélin er hönnuð til að mynstra bæði óásetta hjólbarda og hjólbarda á felgum og eru stærðirnar allt frá fólkubílastærð/léttum vörubílum yfir í hjólbarda þungavinnuvéla. Venjulega eru glænýrir hjólbardar ekki ásettir og átt þú eftir að komast að því að flestir hjólbardarnir, sem þú mynstrar, eru af slíkri gerð. Fyrir aðstæður eins og þessar er ásetningarferlið sérsniðið að stækkanlegu hjólnöfni. Hin aðferðin er fyrir hjólbarda á felgum en í slíkum aðstæðum sveigir þú stækkanlegu hjólnöfina til hliðar (aðeins STE-M) og notar millistykkin fyrir felguásetningu sem fylgja með mynsturraufavélinni

#### STÆKKANLEG HJÓLNÖF (AÐEINS STE-M) – ÁSETNING


Til þess að draga úr áhættu á meiðslum skaltu óska eftir því að samstarfsmaður hjálpi þér, þegar stórum hjólbörðum er lyft á útsetjanlegu felgum.

Ef saippauskoneer búið lyftu hjól lögun sjá síðu 24 fyrir leiðbeiningar

Togaðu í festipinnann til að sveigðu stækkanlegu hjólnöfina og felgueininguna út. Mundu eftir því að beita ávallt réttri lyftutækni



Settu hjólbardann á útsetjanlegu felgum. Settu hana aftur til baka og settu inn pinnann.




**Notaðu rétta lyftutækni þegar þú notar mynsturraufavélar**

- Athugaðu þyngdina og óskaðu eftir hjálp ef þörf krefur.
- Ef þú lyftir þyngri byrði en 22 kg að þá eykur það hættu á meiðslum.
- Þú skalt lyfta upp hlutum og halda þeim nálægt líkamanum úr lágrri stöðu
- Lyftu með því að nota fæturnar
- Berðu byrðina nálægt líkamanum við mjaðmir eða miðja bringu
- Forðastu að vinda upp á þig, teygja þig eða snúa þér Upplýsingar frá Vinnumálastofnun Bandaríkjanna: Leiðbeiningar við meðhöndlun efna.



# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## NOTKUN - ÁSETNING & NIÐURTAKA KAFLI FJÖGU



Gerðu lítið mark á hjólbardann til að nota sem viðmiðunarstað. Gakktu úr skugga um að hjólbardinn sé settur rétt á hjólnöfina áður felgan er þanin út.

4.3

### STILLINGAR FYRIR ÞRÝSTING


Til þess að blása upp: Fyrst skaltu toga í uppblástursloka hjólnafarinnar. Síðan skaltu toga í uppblástursloka hjólbardans.

Fyrir hjólbarda fyrir fólksbíla og léttu vörubíla skaltu stilla þrýsting stækkanlegu hjólnafarinnar á um 75-80 pund á þvertommu og þrýstinginn til að blása upp hjólbardann á um 30 pund á þvertommu.

Fyrir hjólbarda fyrir stóra vörubíla skaltu stilla þrýsting stækkanlegu hjólnafarinnar á um 75-80 pund á þvertommu og þrýstinginn til að blása upp hjólbardann á um 30 pund á þvertommu.

**Athugasemd:** Ef stækkanlega felgan þéttir ekki eða snertir hjólbardann með réttum hætti er leyfilegt að auka þrýsting hjólnafarinnar í 10 lb skrefum í að hámarki 120 pund á þvertommu. Venjuleg notkun er 90 pund á þvertommu.

### STÆKKANLEG HJÓLNÖF (AÐEINS STE-M) - NIÐURTAKA




Gættu vel að röðinni til að framkvæma þetta ferli. Losaðu um þrýsting í HJÓLBARDANUM með því að ýta FYRST lokanum inn.

4.5




**Framkvæmdu sjónskoðun á því hvort hjólbardinn sé loftlaus og hjólnöfin hafi dregist saman.**



Ýttu inn þrýstilosunarlokanum á stækkanlegu hjólnöfinni.

4.6




Togaðu í festipinnann sem heldur stækkanlegu hjólnafareiningunni á sínum stað.

4.7

Sjá leiðbeiningar fyrir bilanaleit ef hjólnöfin dregst ekki saman.



**Haltu höndum ávallt í burtu frá stækkanlegu hjólnöfinni þegar loftþrýstingi er hleypt af til þess að koma í veg fyrir að þú klemmir þig hugsanlega.**




Ýttu hægt út stækkanlegu hjólnafareiningunni.

4.8

# MYNSTURRAUFVÉL FYRIR HJÓLBARÐA


## NOTKUN - ÁSETNING & NIÐURTAKA KAFLI FJÖGU



Með báðum höndum og réttri lyftutækni skaltu taka hjólbardann af.


4.9

### ÁSETNING HJÓLBARÐA (ST, STE-M) - ÁSETNING undirbúningur felgu




Til þess að mynstra ásetta hjólbarda skal ýta stækkanlegu hjólnöfni og felgueiningunni í burtu (aðeins STE-M).

4.10




Settu úrreksskaftið og stóra keilu aftan á felguna.

4.11




Settu litla frammjóa keilu framan á felguna

4.12



Settu millileggsskífuna og úrrekið í. Handfangið á rónni þarf að vísa fram.

4.13



### STAÐSETNING FELGU

Aðstoð við lyftingu er mikilvæg þegar einingunni með ásettri felgu er lyft upp. Settu úrreksskaftið inn í kúlulegurnar í skápnunum. Snúðu hjólbardanum til þess að vera viss um að ekkert festist á eða sé laust.

4.14



Merktu viðmiðunarstað á hjólbardanum og mynstraðu hjólbardann (sjá mynstrun kafla 5).

4.15


# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## NOTKUN - ÁSETNING & NIÐURTAKA

### KAFLI FJÖGUR

#### ÁSETNING HJÓLBARÐA (ST, STE-M) —NIÐURTAKA

Taktu hjólbardann af í öfugri röð við ásetninguna.




#### ÁSETNING HJÓLBARÐA (SP) —ÁSETNING

Settu millileggsskífuna í miðstærð á úrreksskaftið og síðan lengstu millileggsskífuna.

Settu síðan stærri keiluna með frammjóa endann í átt að legum úrreksskaftsins.


Notaðu alltaf rétta lyftitækni eða óskaðu eftir aðstoð þegar þungum hjólbörðum er lyft.

Settu hjólbardann á með innhliðina í átt að keilunni.



Þegar hjólbardinn er á sínum stað skaltu setja seinni keiluna inn með frammjóa endann í átt að felgunni. Settu síðan minnstu millileggsskífuna á og síðan úrreksskaftið. Hertu úrreksskaftið í höndunum þangað til það er fast.

Vertu viss um að athuga hvort einingin kastist nokkuð til með því að snúa hjólbardanum. Hjólbardinn ætti að snúast ÁN þess að kastast til eða hreyfast til hliðar.



# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## NOTKUN - MYNSTRUN

### KAFLI FIMM

#### INNGANGUR

Þó að þér eigi eftir að finnst mynstrunin tiltölulega auðveld er mikilvægt að fara yfir nokkur atriði áður en mynstrun fer fram.


#### BLAÐIÐ BRÝNT (ALLAR GERÐIR)




**Gakktu úr skugga um að hlifin sé föst á sínum stað ÁÐUR en blaðið er brýnt**



**Þ er mjög mikilvægt að aftengja rafmagn til mynsturraufavélarinnar þegar blaðið er brýnt. Notaðu hanska ef þeir eru í boði á þessu stigi**




Meið þjölina í annarri hendi skaltu halda í tengið á drifskafinu með hinni.



Verfðu frambarð blaðsins neðan frá. Taktu járnbrúnina af toppinum. Jafnaðu blaðsoddinn svo hann fylgi núverandi mynstri við hvern snúning hjólbardans. Brýndu blöð á hjólbörðum fólksbíla og léttra vörubifreiða á 8 hjólbarda fresti. Á hjólbörðum stórra vörubifreiða á um það bil 4 hjólbarda fresti.

Hægt er að brýna blaðið þangað til 1/2" bil er á milli frambarðs og afturbúrinnar blaðsins.




**Þegar unnið er með þjölina og blaðið skal alltaf gæta þess að koma í veg fyrir meiðsli**

#### SKIPTI BLAÐSTÝRINGU & AFLSKRÚFUM (ALLAR GERÐIR)

Settu frampinnann á skruflykli-num inn í holuna efst á aflskrufunni.


**ATHUGASEMD:** Athugaðu sprungur og skemmdir á blaðinu vikulega.



# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA


## NOTKUN - MYNSTRUN

### KAFLI FIMM




Haltu í tengið á drifskaftinu.  
Snúðu skrúflyklinum.

5.5



Fjarlægðu aflskrúfuna og  
skinnuna.


5.6



Fjarlægðu efsta helminginn af  
blaðstýringunni.


5.7

Fjarlægðu blaðið.




5.8

Fjarlægðu neðsta helming-  
inn af blaðstýringunni.



5.9

Þrífðu partana og snúðu  
við ferlinu til að setja upp.  
Notaðu ryðvarnarefni á  
drifskaftrið og parta við  
uppsetningu.



5.10


# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## NOTKUN - MYNSTRUN

### KAFLI FIMM



**Stram skruen kun for hånd under montering.**




#### DRIFT OG INNSTILLINGER PÅ SPRØYTETÅKE KJØLING ENHET

Sprøytetåke kjøling enhet er utformet for å avkjøle skiven under siping og gi ekstra smøring for dekket. Se installasjonsinstruksjonene ( Fig 2.2 ) for den riktige løsningen blandingen i kjøleenheten.



**Skader på blad og dekk kan oppstå hvis ikke ordentlig smurt mens seiping**



Bruk justerbar dyse av sprøytetåke enhet for å skape en lys tåke på bladet . Under drift av seiper bladet skal kontinuerlig fuktig . Hvis det er en betydelig mengde løpe av fra spray på dekket , justere dysen er spray til en lettere tåke.

Engasjere sprøytetåke kjøling enhet kontrollventil knappen

på baksiden av enheten samtidig du engasjere seiping blad . Bladet skal holdes fuktig under siping prosessen.


Regelmessig sjekke dryppformen og tømme det er nødvendig i henhold til lokale miljøprosedyrer. Dryppformen bør installeres direkte under seiper å samle avrenning smøremiddel . All smøremiddel kjøre av, skal kastes filler og materialer i henhold til lokale miljøbestemmelser .

Vennligst se baksiden av manualen eller vår hjemmeside for Sikkerhetsdatablad på sieper smøremiddel .

[www.tsissg.com](http://www.tsissg.com)

#### PRELIMINÆR

Bruk venstre hånd for håndtaket og på bryteren





Bruk høyre hånd for å løsne dekselet og forsiktig senke det ned til dekket uten å starte Seiperen. (Vær forsiktig så du ikke mister dekselet.)


Vennligst inspisere disse delene for normal slitasje. Sikkerhets knott / grep , håndtak eller skjold bør skiftes ved første tegn på slitasje eller funksjonsfeil . Del # 's 15.550 knott / grep , 90,070 håndtak , 54,298 er lås bar skjold .

#### JUSTERING AV STYRESKRUE

Juster seiperbladet så styreskruen ligger parallelt med dekkbanen



Sett seiperen på venstre kant av dekket.






# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA


## NOTKUN - MYNSTRUN

### KAFLI FIMM



Hafðu að minnsta kosti  $\frac{3}{4}$  af þvermáli aflskrúfunnar á yfirborði hjólbardans.


5.17



#### UPPHAF

Með vinstri hendi á handfanginu fyrir hlífina skaltu kveikja á aðalrofa.

5.18




Dragðu hlífina aftur og losaðu lásinn á lyftistönginni.

5.19

KKreistu handfangið og settu það niður á hjólbardann á viðmiðunarstaðinn (kalklínán).


Á þessum tímapunkti skaltu ræsa úðaeininguna.

Ræstu úðaeininguna á sama tíma og þú notar blaðið.



5.20


Eftir hvern snúning á hjólbardanum skaltu snúa sveifinni 5 sinnum réttisælis til þess að færa mynsturraufavélina á næsta stað á hjólbardanum.



5.21

#### FRÁGANGUR


Haltu áfram að mynstra yfir allan hjólbardann alveg að hægri brún sólans.



5.22

# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## NOTKUN - MYNSTRUN KAFLI FIMM




5.23

Ekki láta meira en 1/4 af þvermáli aflskrúfunnar skaga fram af brún sólayfirborðsins. Það er ásættanlegt, í síðustu yfirferð ef þú nærð ekki fimm heilum snúningum.

### SKOÐUN


Mynsturraufarnar ættu að sjást með skýrum hætti þegar sólinn er skoðaður náið



5.24

### TRUFLANIR

Ef þú verður fyrir truflun þegar þú mynstrar hjólbarða skaltu lyfta hlífinni af hjólbarðanum þegar hann snýst.




5.25

Slökktu svo á rafmagninu.


Til þess að halda áfram skaltu snúa hjólbarðanum aftur um 1/4 snúning.

5.26



Ræstu mynsturraufavélina með hlífina í uppréttri stöðu og lækkaðu hana rólega niður á hjólbarðann. Hún mun falla á réttan stað

5.27



# MYNSTURRAUFVÉL FYRIR HJÓLBARÐA


## VIÐHALD -AÐALVÉL

### KAFLI SEX



**Taktu eininguna úr sambandi áður en viðhald fer fram**


STE-M vélin þarfnast reglulegs viðhalds til þess að tryggja að treysta megi á hana. Daglegt, vikulegt og mánaðarlegt viðhald ætti að framkvæma eins og mælt er með í handbókinni.



6.1

#### SMURNING


Þegar þú hefur fjarlægt aflskrúfuna með skrúflynkinum skaltu setja sýnilegt magn af ryðvarnarefnum á hlutana. Sjá skipti á blaðstýringu og aflskrúfu í kafla 5 í handbókinni.



6.2

Haltu sólunum og stýristöngunum hreinum með því að strjúka varlega yfir yfirborðið með hreinni tusku eftir þörfum. Gakktu úr skugga um að smyrja eftirfarandi hluti með sílikonsmurningu á úðaformi.


#### UTFÖR FØLGENDE UKENTLIG



6.3


Lyftu hlífinni og þrífðu stýristangirnar 2 með 3M Scotch Guard þúða eða sandpappír

Með sílikonúða (ekki olíu sem dregur að sér ryk og óhreinindi) skaltu úða stýristangirnar.




6.4

Úðaðu ACME gengjustöngina fyrir krossmötunina.



6.5

Úðaðu ACME gengjustöngina sem hallast.




6.6

# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL

KAFLI SEX

### DAGLEGT FYRIRBYGGJANDI VIÐHALD




Athugaðu stillinn. Gakktu úr skugga um að ekki sé farið yfir hámarksþrýstinginn 90 pund á þvertommu

6.7

### TITRINGUR


Gera má ráð fyrir titringi við venjulega notkun mynsturraufavélarinnar. Það er mikilvægt að tryggja að eftirfarandi svæði séu skoðuð og hert aftur með viðeigandi hætti.



Losaðu festiskrúfurnar á ACME og stilltu róna með viðeigandi skrúflykli. Stilltu róna úti við rammahlíðina á báðum hliðum. Ekki herða of mikið

6.8

Hertu stilliskrúfurnar, prófaðu handsveifina. Hún ætti að snúast án hindrana. Ef ekki skaltu endurstilla




Skoðaðu læsipinnana á stækkanlegu hjólnöfni á hverjum degi til að tryggja að þeir séu læstir. (Aðeins STE-M)

6.9

### VIKULEGT FYRIRBYGGJANDI VIÐHALD

Notaðu meðfylgjandi Allen skrúflykil til þess að athuga herslu festiskrúfanna á blaðstýringunum, tenginu og krossmötunarrónum bæði á Krossmötunarstönginni og hallastönginni.



6.10



**Alltaf skal fylgja viðeigandi ferlum fyrir aftengingu og merkingar.**

Skipta þarf um drifskattslegur mynsturraufavélarinnar, klinku hlífarinnar og aðra hreyfanlega hluta ef þeir bera með sér merki um bilanir eða slit. Þetta skal skoða við framkvæmd á mánaðarlegri öryggisskoðun búnaðarins.

### BILANALET Í MYNSTURRAUFAVÉLINNI MÓTOR MYNSTURRAUFAVÉLARINNAR FER EKKI Í GANG Hugsanlegar ástæður:

1. Drifskattengi ryðvarið
2. Bilun í aflrofa
3. Lausn við bilun í stjórnrofa handfangsins:

1. Aftengdu mynsturraufavélina
2. Reyndu að snúa drifskattinu með höndunum. Athugaðu hvort legurnar séu í lagi
3. Athugaðu samfelldni í aflrofanum
4. Athugaðu samfelldni í stýringu handfangsins

### BLÖÐ BROTNNA

Hugsanlegar ástæður. Lagfærðu eins og við á.

1. Skinnu vantar á milli aflskrúfunnar og efstu blaðstýringarinnar.
2. Blaðstýringarnar eru slitnar eða settar upp með röngum hætti.
3. Frambarð blaðsins er of oddhvasst (jafnið með þjölinni)
4. Hornstaða aflskrúfunnar er rangt stillt
5. Steinar og óhreinindi hafa ekki verið hreinsuð af hjólbarðanum
6. Aflskrúfan er slitin
7. Drifskattslegurnar eru slitnar


# MYNSTURRAUFVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL


### KAFLI SJÖ

Það fer eftir sagga eða rakastigi í þrýstloftinu hversu oft þarf að framkvæma þessa verkferla.

Sjá leiðbeiningar stækkanlegu hjólnafarinnar fyrir viðhald og bilanaleit fyrir frekari leiðbeiningar um slitummerki og útskipti á pörtum.




Athugaðu stækkanlegu felgulásana fjóra til þess að tryggja að þeir hafi læst í stöðu. Það krefst þess að athuga lásana handvirkt til þess að vera viss um að þeim sé snúið rangsælis.



Þendu út felguna. Horfðu inn í hjólnöfina til þess að sjá hvort flipinn læsist á felguna. Gakktu úr skugga um að allir fjórir hafi læst í stöðu.


### VIKULEGA FYRIRBYGGJANDI VIÐHALD



Fjarlægðu stækkanlegu felguna með því að taka fyrst af loftslöngurnar 2.


Haltu áfram með því að ljúka upp flipunum og toga varlega í felguna til að fjarlægja

#### Fjarlægðu stækkanlegu felguna (2 af 2)




Aftengdu eina af fjöðrunum tveimur (mælt er með fjöður að aftan) og fjarlægja fjöðrina varlega með því að toga hana út úr spöðunum.

#### Spaðar fjarlægðir (1 af 4)



Fjarlægðu spaðana einn í einu með því að toga hann beint upp þangað til að hann er alveg kominn upp úr spaðaraufinni.

#### Spaðar fjarlægðir (2 af 4)






# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL

### KAFLI SJÖ

#### Spaðar fjarlægðir (3 af 4)




7.7

Snúðu síðan spaðanum í 180° og leyfðu fjaðrarhliðinni á hvíla á hjólnöfnni áður en þú heldur áfram og tekur næsta spaða úr.


Með því að gera það er auðveldara að taka spaðana af hjólnöfnni.

#### Spaðar fjarlægðir (4 af 4)



7.8

Þegar allir spaðarnir hafa verið teknir úr skaltu taka samsafnið varlega í burtu frá hjólnöfnni og ganga úr skugga um að losa alla spaða sem kunna að festast í læsipinnunum.



7.9

eð loftslöngu skaltu blása þrýstilofti beint inn í opnu spaðarauðarnar og blástu í um það bil 2-3 sekúndur djúp inn í raufina og beindu slöngunni til allra hliða.


Þetta hjálpar til við að losa um og hreinsa í burtu jarðveg eða óhreinindi sem kunna að hafa safnast upp á hjólnöfnni. Settu loftslönguna inn í aðra hverja rauf til að loftdreifingin verði fullnægjandi.



**Notaðu aðeins feiti sem er heimiluð fyrir sjávarútveginn eins og TSI PN 10787.**

Með feiti fyrir sjávarútveginn skaltu bera fitulag á hverja rauf hjólnafarinnar.

Snúðu hjólnöfnni til þess að fara í næstu rauf og endurtaktu þangað til allar raufarnar hafa verið smurðar.




7.10



**Mælt er með hlífðarhönskum við innsetningu á spöðunum.**


Þrífðu hvern spaða vandlega og fjaðrinnar tvær áður en endurinnsetning fer fram. Spaðarnir þurfa að vera lausir við jarðveg og óhreinindi. Ef hrjúf svæði eru til staðar er mælt með að fjarlægja þau með 3M Scotch Guard púða eða sandpappír.

#### Innsetning spaða (1 af 7)



7.11

#### Innsetning spaða (2 af 7)



7.12

Hallandi yfirborð hvers spaða er sett inn í raufarnar og og nemur við keiluna innan í hjólnöfnni. Settu jafnt lag af feiti sem hentar fyrir sjávarútveginn á hallandi yfirborð hvers spaða.




# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL

### KAFLI SJÖ

#### Innsetning spaða (3 af 7)




7.13

Byrjaðu á því að setja spaðana inn í hjólnöfina. Staðsettu spaðana þannig að hallandi (feitiborna) hliðin hvíli inni í hjólnöfnum.

Mjórri hluti spaðans rennur inn í næsta hluta aftan á hjólnöfnum. Lengri hlutinn er nærri þér (sjá skýringarmynd).


#### Innsetning spaða (4 af 7)



7.14

Þegar spaðarnir 12 eru settir í raufarnar á hjólnöfnum skal ganga úr skugga um að spaðarnir fjórir með læsiflipum séu með tvo venjulega spaða á milli sín. Settu um sex spaða í og tengdu fjöðrina tímabundið í gegnum þá. Snúðu hjólnöfnum og haltu áfram að setja spaða í.

#### Innsetning spaða (5 af 7)




7.15

Þegar þú setur inn síðustu spaðana skaltu aftengja fjöðurina, þræða hana í gegnum nýinnsettu spaðana þangað til allir 12 hafa verið settir í. Settu nú afturfjöðurina inn í ytri götin og þræddu fjöðurina í gegnum hvern spaða.

Hugsanlega þarf að festa aftur enda fjöðurinnar þegar þeir mætast.


#### Innsetning spaða (6 af 7)



7.16

Þegar fjöðrin hefur verið fest aftur skaltu athuga hvort læsipinnarnir séu ÓLÆSTIR.

#### Innsetning spaða (7 af 7)



7.17

Eftir að þú hefur sett fjöðrinnar og spaðana í að þá sýnir myndin að neðan hvernig eining, sem búið er að ljúka við, lítur út.




# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL

### KAFLI SJÖ


#### Settu felguna aftur (1 af 2)



Settu felguna aftur á hjólnöfina og gakktu úr skugga um að loftleiðslutengin á felgunni snúi að loftleiðslunum á hjólnöfinni.


7.18

#### Settu felguna aftur (2 af 2)



Felgan þarf að vera staðsett þannig að þegar loftslanga hjólnafarinnar er tengd sé eins mikill slaki á henni og hægt er til þess að hann sé nægilegur fyrir nauðsynlega stækkunarfjarlægð.

7.19




Læstu læsiflipunum á felgunni og stækkaðu felguna.

7.20



**Skoðaðu með líkamlegum og sjónrænum hætti hvort læsipinnarnir séu læstir og öruggir áður en loftinu er hleypt úr felgunni.**

Athugaðu líka hersluna á festiskrúfum ássins sem staðsettur er á stækkanlegu hjólnöfinni. Settu 1 skot af undirvagnssmurefni á þéttlokuðu legurnar á ási stækkanlegu hjólnafarinnar.




7.21

#### 1-6 MÁNAÐA FYRIRBYGGJANDI VIÐAHALD

Fjarlægðu stækkanlegu felguna á (sjá myndir 7.3 - 7.4)

Fjarlægðu spaðana (sjá myndir 7.5 - 7.9)

Fjarlægðu stækkanlegu felguna & spaðana áður en eftirfarandi ferlar eru framkvæmdir. Taktu framhlífina af hjólnöfinni með því að losa bolta hlífarinnar en láta þá áfram vera í götunum.




7.22

# MYNSTURRAUFVÉL FYRIR HJÓLBARÐA


## VIÐHALD -AÐALVÉL

### KAFLI SJÖ




Taktu hjólnafarhlífina í burtu frá hjólnöfnum um 15 - 20 sm. Fjarlægðu síðan alveg lausu boltana á hjólnafarhlífnum og settu til hliðar.

7.23



Taktu hlífina beint út og gættu þess að beygja ekki innra skaftið. Þegar búið er að draga hlífina og skafteininguna alveg út settu það þá varlega til hliðar og fjarlægðu keiluna.


7.24



Til þess að fjarlægja keiluna skaltu setja finger inn í skaftgatið á keilunni (gættu þess að meiða þig ekki). Með hinni hendinni skaltu taka um mjóa enda keilunnar og taka keiluna varlega út úr hjólnafarholrúminu. Það getur verið að þú þurfir að ýta keilunni upp og niður þegar þú togar keiluna út. Gættu þess að missa ekki keiluna því hún kann að losna óvænt. Settu keiluna á undirstöðuna þannig að keilan vísi upp.

7.25

Með hreinsileysiefni skaltu þvo í burtu alla feiti, olíu eða uppsöfnun sem kann að vera innan í strokkunum. Með 3M Scotch púða skaltu strjúka varlega innri vegg hjólnafarhol rýmisins og fjarlægja laus óhreinindi eða leifar. Ef þú fægir að innan að þá hjálpar það til við að fjarlægja hugsanlega tæringu. Fægðir veggir ættu að vera mjög sléttir.




7.26

Einnig þarf að jafna út keiluna með sömu aðferð. Með keiluna á flötu yfirborði (keilan visar upp) skaltu nota sömu gerð af púða til þess að jafna ytra yfirborð keilunnar. Gættu sérstaklega að yfirborði keilunnar til þess að tryggja að þær séu mjög sléttar við snertingu.



7.27

Þegar yfirborð keilunnar hefur verið þrifið og jafnað út skaltu taka upp keiluna og setja hana á hlið og geyma hana á handklæði eða mjúku yfirborði eins og í skauti þér eða á hné. Jafnaðu síðan út ytra yfirborðið þar sem gúmmípakningin er staðsett.




7.28

# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL

### KAFLI SJÖ




Skoðaðu hvort þú finnur sprungur og skemmdir á gúmmípakkningunni sjálfri. Ef skemmdir koma í ljós á stóru ytri gúmmípakkningunni eða í annarri hvorri af smærri innri pakkningunni (á frammjóða enda keilunnar) að þá skaltu hafa samband við okkur til þess að fá pakkningarsett til þess að laga skemmdu pakkninguna.



Smyrðu ytra yfirborð keilunnar með húð af feiti fyrir sjávarútveginn.




**Notaðu aðeins legufeiti sem er heimilud fyrir sjávarútveginn eins og TM PN 10787.**




Smyrðu innri hlið hjólnafarholrúmsins líka. Settu jafnt lag af legufeiti sem hentar fyrir sjávarútveginn.


Settu keiluna aftur inn í hjólnafarholrúmið (frammjóí endinn í átt að þér). Taktu upp keiluna með því að setja finger inn í hana (gættu þess að meiða þig ekki) inn í toppinn á hjólnöfinni og styðja við þyngd keilunnar með hinni hendinni.



Settu nú keiluna aftur í. Stilltu ytri undirstöðuna gætilega í samræmi við op hjólnafarholrúmsins.




Með því að halda frammjóða endanum föstum skaltu byrja að setja þrýsting á stærri ytri gúmmípakkninguna sem staðsett er á undirstöðu keilunnar. Pakkningin myndar loftþétta þéttingu sem myndar þétt mát. Þrýsta skal pakkningunni saman til þess að gera keilunni kleift að sitja innan í hjólnafarholrúminu.




# MYNSTURRAUFAVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL


### KAFLI SJÖ



Notkun á skrufjárnri með flötum haus getur hjálpað til við að þrýsta saman pakkningunni. Notkun á verkfærum geta leitt til skemmda á pakkningunni svo þú skalt aldrei ýta oddi skrufjárnsins inn í pakkninguna í staðinn skaltu ýta meðfram pakkningunni og neyða hana þannig til að fletjast út. Það getur hjálpað til að byrja á annarri hlið pakkningarinnar og einblína á að ýta henni nægjanlega saman þannig að keilan sæki á.




Að lokum mun gúmmípakknin-  
gin vera að fullu inni í hjólna-  
farholrúminu og þá ætti að losa  
keiluna inn í holrúmið þangað  
til hún stöðvast aftan á vegg  
hjólnafarholrúmsins.




Staðsettu skaftið og hjólnafarhlí-  
fina fyrir ofan eininguna.  
Skoðaðu skaftið, hrjúf svæði og  
notaðu 3M Scotch Guard þúða  
til að slétta þau.  
Smyrðu skaftið jafnt með  
húð af feitir fyrir sjávarút-  
veginn eftir öllu skaftinu.

Settu skaftið og hlíf hjólna-  
farinnar inn í frammjóa gatið  
á keilunni en sýndu mikla  
varkárni til þess að beygja ekki  
skaftið.




Þegar allt er á sínum stað skaltu  
setja boltana fyrir hjólnafarhlífina  
inn í viðeigandi göt. Gakktu úr  
skugga um að hver bolti sé  
skrúfaður fyrst í höndunum áður  
en loftskrúflykill eða skreppa  
er notuð.



**Settu spaðana í (sjá myndir 7.11 - 7.17)**

**Settu stækkanlegu felguna á (sjá myndir 7.20 - 7.21)**

Læstu læsiflipunum á felgunni  
og stækkaðu felguna.




**Skoðaðu með líkamlegum og sjónrænum  
hætti hvort læsipinnarnir séu LÆSTIR og  
öruggir áður en loftinu er hleypt úr felgunni.**




# MYNSTURRAUFVÉL FYRIR HJÓLBARÐA

## VIÐHALD -AÐALVÉL

### KAFLI SJÖ



Fyrir rétta virkni loftflæðis í gegnum stækkanlega hjólnafarkerfið skaltu skilja eftir lítið gat. Sjá gulu örina. Við stillingar eða viðhald á vélinni má gatið ekki vera stærra en 1/16 úr tommu. Stærra gat getur minnkað verulega rétt loftflæði til stækkanlegu hjólnafarinnar.




Smyrðu inntakshjólnöfina á staðnum sem sýndur er með rauðu örvunum tveimur.

Við venjulega notkun skaltu bæta við einni pumpu af feiti í hvern smurkopp á 30 daga fresti.

## VALKOSTIR – FELGULYFTA



**Haltu þig fjarri lyftibúnaðinum áður en þú ýtir á fótstigið**



### Felgulyftan

Rúllaðu hjólbarðanum á lyfturampinn þangað til hann er við stoppann að aftan. Haltu þig fjarri rampinum og ýttu á fótstigið (sýnt með blárrí ör) til þess að ræsa lyftuna. Þegar lyftan er komin upp skaltu setja felguna á leguúrtakið. Þegar hjólbarðinn er kominn á legurnar skaltu halda þig fjarri lyfturampinum og ýta á fótstigið til þess að láta lyfturampinn síga





|           |  |   |
|-----------|--|---|
| SSG# 6030 | <b>FELGUMILLISTYKKI FYRIR HRAÐLÆSINGU<br/>VERKFERLAR</b> | Til notkunar með<br>SSG, ST &<br>STE-M SIPERS |
|-----------|--|---|



**Mynd 1**



### Skref 1.

Snúðu rofanum til vinstri til þess að bakka mótornum í stöðu á hjólbarðanum sem á að mynstra.

**(Mynd 1)**

**Mynd 2**



Áætluð staðsetning blaðstýringar sýnd á hjólbarða. **(Mynd 2)**

Staðsetjið blað í sömu upphafsstöðu og hjá handvirku sveifarvélinni.

**Mynd 3**



### Skref 2.

Þrýstu á rofann á handfanginu til þess að hefja vinnslu vélarinnar. Ræstu úða úðaeiningarinnar. Eftir að hjólbarðinn snýst í einn hring ÝTTU Á JOG HNAPPINN til þess að færa blaðstýringuna yfir í viðeigandi skurðlínustöðu.


**(Mynd 3)**

\*\*Endurtakið ferlið þangað til heill hjólbarði hefur verið mynstraður.

## GRUNNATRIÐI FYRIR STJÓRNBOX SJÁLFVIRKRAR MÖTUNAR MYNSTURRAUFAVÉLARINNAR - BILANALEIT



**Aftengdu Rafmagn Áður En Stjórnboxið Er Opnað**




**Mynd 1 - Innan í stjórnboxi**

Fyrir sendingu eru rafmagnsíhlutir í öllum stjórnboxum verksmiðjustilltir, prófaðir og staðfestir fyrir hámarksafköst.

Ef, eftir að þú hefur sett upp STE-M mynsturraufavél með sjálfvirkum lotumötunareiginleika (ACF) og hann virkar ekki að þá skaltu lesa þessar leiðbeiningar aftur.

Aftengdu rafmagn. Opnaðu stjórnboxið á hlið vélarinnar. Athugaðu með sjónskoðun hvort straumrofinn hafi rofið straum. Endursettu straumrofann.



**Mynd 2 - gulur hringur gefur til kynna að straumrofi**

Á mynd 2 a hefur straumrofinn rofið straum (sýnt með gulum hring). Taktu eftir staðsetningu veltirofans og hvernig rauða örin breytist í græna. Ef straumrofar rjúfa straum skaltu velta veltirofanum og setja hann í stöðuna „Á“.



## GRUNNATRIÐI FYRIR STJÓRNBOX SJÁLVVIRKRAR MÖTUNAR MYNSTURRAUFAVÉLARINNAR - BILANALET





Endurtengdu straum til einingarinnar og settu á „Á“. Athugaðu hvort græna ljósið sé á, en það gefur til kynna að kveikt sé á straumi. (Sjá grænu örina á mynd 3)

Ef græna ljósið er ekki á að þá skaltu athuga straumrofana aftur.

Þér til upplýsingar: Appelsínugula örin bendir á þar sem appelsínugult ljós kviknar þegar einingin er í "Jog" ham. Það ætti ekki að skipta máli en appelsínugula ljósið er fyrir það. Skífan breytir Jog fjarlægðinni. Það líka er forstillt og ætti ekki að skipta máli.

Myndirnar að neðan sýna PC borðið í stjórnboxinu. (Mynd 4 & 5)

Fjögur stillihjól eru til staðar til þess að stilla sjálfvirka mötun mynsturraufavélarinnar.



Ferlið sýnir hvernig á að stilla fyrsta hjólið, afl og hugsanlega annað hjólið, púls/kippur. Breyttu aðeins einu í einu og hnikaðu þeim AÐEINS um eitt hak í hvert sinn.


Sjá mynd 5 og snúðu hjólinu réttisælis um eitt hak.

Ef til vill er nauðsynlegt að stilla afstillinguna um allt að 3 hök. Þegar gírmótorinn fer í gang getur verið að hann vinni bara inn á milli. Snúðu púlsstillihjólinu rangsælis um eitt hak. Fínstilltu stillinguna um eitt hak í einu.

Þegar þú ert búinn skaltu loka og festa hlífina á stjórnboxið.

# VALKOSTIR SJÁLFVIRK LOTUMÖTUN

Mynd 1




## STILLING Á MÓTORSTÝRINGU:

Af og til getur verið að stýristangirnar fyrir krossmötunina skekkist vegna notkunar vélarinnar og hreyfinga og valdi því að mótörinn fyrir hægri vinkilinn (mynd 1. A) erfiði mikið og sprengi öryggi. Aftengdu eininguna.

Til þess að samstillja aftur, losaðu hettuskúfunna (mynd 2 C) settu stýristangirnar aftur á réttan stað svo að þær séu samsíða og hertu aftur.

Mynd 2



## HANDVIRK NOTKUN:

Fjarlægðu mótörinn (mynd 1 A) með því að losa boltana og rærnar (mynd 1 B) og skiptu honum út fyrir handvirku sveifina.

## VALKOSTIR - MILLISTYKKI FYRIR VINKIL-/MYNSTURRAUFAHJÓL



Mótordrifeining á mynsturraufavél getur búið yfir festingu fyrir vinkilmótor.

Þessi valkostur býður upp á að hjólbarðar séu mynstraðir við fjórar stighækkanir um 15 gráðu horn til viðbótar við staðlaða einingu.



Eins og er, er boðið upp á tvö stór hjólamilistykki fyrir mynsturvélarnar. Í boði eru 19,5" og 22,5" diskasett. Diskarnir gera notandanum kleift að mynstra óásetta hjólbarða sem eru allt frá 19,5" til 22,5" í þvermál.

| PARTAN R. | LÝSING                                   |
|-----------|--|
| 18.071    | Mynsturraufablöð                         |
| 24.929    | 250/1000 Blaðstýringarsett Stimplað "A"  |
| 25.929    | 300/1000 Blaðstýringarsett Stimplað "AA" |
| 26.929    | 350/1000 Blaðstýringarsett Stimplað "D"  |
| 27.929    | 400/1000 Blaðstýringarsett Stimplað "E"  |
| 28.816    | Mynsturraufapjöl                         |
| 6.887     | Skrúflykill                              |
| 58.242    | 5/32 Aflskrúfa                           |
| 57.242    | 7/32 Aflskrúfa                           |
| 56.242    | 9/32 Aflskrúfa                           |
| 55.242    | 11/32 Aflskrúfa                          |
| 62.242    | 13/32 Aflskrúfa                          |
| 6030      | Hraðfestingar millistykki fyrir hjólalás |
| 33.901    | 1125mm 10 Budd millistykki               |
| 43.901    | 35mm x 10 Budd Unimount millistykki      |
| 42.901    | 285,75mm x 10 Budd Unimount millistykki  |
| 167.190   | Úðakælieining                            |
| 2.029     | Sílikonfleyti                            |
| 3738-1    | Rofastjórnhandfang                       |
| 4038-1    | Veltirofi                                |
| 4479      | Blaðshlíf                                |
| 10787     | Feiti fyrir hjólnöf                      |
| 4954      | Handsveif                                |
| 5.964     | 8" drifskafstsett                        |
| 31.034    | Tengi með hjöruliðskross                 |
| 31.034C   | Aðeins hjöruliðskross                    |
| 128.055   |  |



# ÁBYRGÐARYFIRLÝSING OG SKILASTEFNA

Ábyrgð & handbragð sem þú getur treyst.

Vörur TSISSG eru hannaðar og gerðar af sérfræðingum í viðkomandi iðnaði. Ástríða okkar fyrir hönnun og prófunum fylgir strax í kjölfar metnaðar okkar fyrir nýsköpun í iðnaðinum og því að skapa raunverulegar lausnir sem viðskiptavinir okkar geta treyst. Við erum með 25 ára reynslu í framleiðslu og höfum viðhaldið getu okkar til að bjóða upp á samkeppnishæft verðlag þó að við störfum og framleiðum í Bandaríkjunum. Við erum framleiðendur meirihluta varanna okkar svo að við erum stolt af handbragðinu. Því er það ekki bara fullyrðing heldur einörð ábyrgð okkar að standa á bak við allar vörurnar okkar.

Við ábyrgjumst að TSISSG vörur séu lausar við framleiðslugalla í eitt ár tímabil frá upphaflegri kaupdagsetningu upphaflegs eiganda. Við tökum ábyrgð á viðgerðakostnaði í (90 daga) frá upphaflegri kaupdagsetningu. Fóðringar, legur og eðlilegt slit og skemmdir falla ekki undir ábyrgðina. Blöð fyrir hjólbarðaskerana falla ekki undir ábyrgðina. Ógætin meðhöndlun, vanræksla, misnotkun, ill meðferð, skemmdir röng notkun, óheimilar viðgerðir, viðbætur og eða breytingar ógilda ábyrgðina sjálfkrafa og leysa TSISSG undan öllum skyldum. Skila þarf öllum ábyrgðarhlutum til verksmiðjunnar sem listuð er á RGA og forgreiða fyrir inneign. Allir varahlutir í ábyrgð sem sendir eru frá verksmiðjunni eru sendir á kostnað viðskiptavinarins. Efnun eða vöru sem skilað er til rangrar verksmiðju verður hafnað. Ef þörf er á vinnu, sem fellur undir ábyrgð á vélinni, skal senda hana til framleiðsluversins í Monticello, MN, eða þá að fá heimild fyrir henni frá TSISSG.

Skilastefna:

**!!VIÐVÖRUN!!** Vörum, sem skilað er án RGA, verður hafnað. Lagt verður 15% umsýslugjald á allar skilaðar vörur auk annars kostnaðar við uppgerð og endurpökkun. Fá þarf eyðublað með vöruskilheimild (e. returned goods authorization, RGA) áður en skil fara fram á efnun eða vörum. Öllum efnun eða vörum skal skilað innan 15 daga frá dagsetningu RGA, annars fellur RGA heimildin úr gildi.

